

Nám í kvikmyndagerð á Íslandi

Þörf og möguleikar

Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Þór Elís Pálsson

Dr. Hlynur Helgason

Ásthildur Kjartansdóttir

Febrúar 2012

Inngangur

Í október 2011 skipaði mennta- og menningarmálaráðuneytið starfshóp framhaldsskólakennara sem kenna kvikmyndagerð sem aðalgrein. Starfshópnum var ætlað að skoða stöðu kvikmyndakennslu við framhaldsskóla landsins og hugsanleg tengsl þeirra við háskólastigi, vinna viðhorfskönnun á meðal eigenda starfandi kvikmyndafyrirtækja og kortleggja þarfir kvikmyndagerðar á menntuðum kvikmyndagerðarmönnum fyrir greinina.

Starfshópurinn hóf störf strax, en hann skipa:

Áshildur Kjartansdóttir kvikmyndagerðarmaður. Kennir við Tækniskólann.

Dr. Hlynur Helgason heimspekilistamaður. Kennir við Borgarholtsskóla og Listaháskóla Íslands.

Þór Elís Pálsson kvikmyndagerðarmaður. Kennir við Fjölbrautaskólann við Ármúla (formaður).

Starfshópurinn naut aðstoðar Gunnars J. Árnasonar starfsmanns ráðuneytisins, sem bæði aflaði upplýsinga og fór yfir töluleg gögn.

Í samningi milli ráðuneytisins og starfshópsins kemur fram að hópnum er ætlað að skoða framboð á námi í kvikmyndagerð á Íslandi og hvernig því er háttað við framhaldsskóla landsins. Jafnframt skyldi kanna viðhorf eigenda kvikmyndafyrirtækja í landinu og þarfir greinarinnar fyrir menntað kvikmyndagerðarfólk nú og í náinni framtíð. Hópurinn kannaði auk þess þörf fyrir kennara vegna náms í kvikmyndagerð. Niðurstöður könnunar á vegum hópsins mun nýtast sem umræðugrundvöllur innan kvikmyndagerðar og sem haldgott gagn fyrir áframhaldandi vinnu að þróun náms í kvikmyndagerð á Íslandi.

Starfshópurinn lauk störfum í byrjun árs 2012 og skilaði meðfylgjandi skýrslu af sér.

Það er sannfæring starfshópsins að þessi skýrsla muni gagnast til þróunar og skipulagningar á haldgóðu kvikmyndanámi hérlendis.

F.h. starfshóps um nám í kvikmyndagerð á Íslandi

Þór Elís Pálsson, formaður

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Efnisyfirlit	3
Formáli	5
<i>Framkvæmd könnunarinnar</i>	5
1. Tvíþættur spurningalisti – þörf greinarinnar fyrir mannafla og viðhorf til menntunnar í faginu	6
1.1 Þörfin á mannafla	6
1.2 Viðhorf	6
1.3 Sjónvarpsstöðvar	7
1.4 Starfsemi innan framhaldsskóla og sérskólar	7
2. Könnun á þörfum starfandi kvikmyndafyrirtækja fyrir mannafla nú og í framtíðinni	9
3. Viðhorfskönnun meðal stjórnenda kvikmyndafyrirtækja til kvikmyndanáms á Íslandi innan kvikmyndaframleiðslu	12
3.1. Nám í kvikmyndagerð hérlendis eða erlendis	12
3.1.1. Námsstig hérlendis og erlendis	12
3.1.2. Framhaldsskólastigið	12
3.1.3. Háskólastig hérlendis og erlendis	13
3.2. Í hvaða geira kvikmyndaiðnaðarins er mest þörf á menntuðum kvikmyndagerðarmönnum?	14
3.3. Áhrif haldgóðrar kvikmyndamenntunnar í landinu	14
3.4. Hvar á námið heima?	15
3.5. Starfsþjálfun nemenda í kvikmyndanámi og kennsla fagaðila	15
3.6. Menntun starfandi kvikmyndagerðarmanna – endurmenntun	16
4. Viðhorfskönnun meðal stjórnenda kvikmyndafyrirtækja innan heimildamyndagerðar til kvikmyndanáms á Íslandi	17
4.1. Nám í kvikmyndagerð hérlendis og erlendis	17
4.1.1. Námsstig hérlendis og erlendis	18
4.1.2. Framhaldsskólastigið	18
4.1.3. Háskólastig hérlendis og erlendis	18
4.2. Í hvaða geira kvikmyndaiðnaðarins er mest þörf á menntuðum kvikmyndagerðarmönnum?	19
4.3. Áhrif haldgóðrar kvikmyndamenntunar í landinu	19
4.4. Hvar á námið heima?	20
4.5. Samspil fyrirtækja og menntunar í kvikmyndagerð	20
4.6. Menntun starfandi kvikmyndagerðarmanna og endurmenntun	20
5. Námskostir og menntamöguleikar í kvikmyndagerð	22
5.1. Möguleikar á námi í grunnskólum	22
5.2. Staða í framhaldsskólum á Íslandi 2011	22
5.2.1. Núverandi nám í kvikmyndagerð innan framhaldsskólanna	23
5.2.2. Aðstaða til náms í kvikmyndagerð í framhaldsskólum	25
5.2.3. Mannauður við kennslu kvikmyndagerðar í framhaldsskólum	25

5.2.4. Framtíðaráform framhaldsskólana í kvikmyndagerð við núverandi aðstæður	25
5.3. Staðan í einkaskólum á framhaldsskóla- eða háskólastigi.....	26
5.4. Forsendur nemendafjölda í kvikmyndanámi í framhaldsskólum.....	27
5.5. Nemendur á háskólastigi.....	29
.....	30
5.6. Nemendur í kvikmyndanámi erlendis.....	30
5.7. Menntun kvikmyndakennara.....	30
6. Niðurstöður	33
<i>Viðauki</i>	35
<i>Við hverja var rætt</i>	35
<i>Kvikmyndaframleiðendur:</i>	36
<i>Heimildarmyndaframleiðendur:</i>	37

Formáli

Skýrsla þessi er liður í stefnumótun á vegum mennta- og menningamálaráðuneytis á uppbyggingu náms í kvikmyndagerð á Íslandi. Umsjón með stefnumótuninni verður á höndum stýrihóps þar sem situr erlendir og innlendir sérfræðingar auk fulltrúa kvikmyndagerðarmanna. Til undirbúnings stefnumótunarinnar var ákveðið að vinna bakgrunnsskýrslu þar sem leitast er við að kanna þörf fyrir kvikmyndamenntað fólk á Íslandi og lýst þeirri menntun sem nú er í boði á sviði kvikmyndagerðar. Ákveðið var að kanna þarfir kvikmyndagerðar fyrir menntaða einstaklinga sem og viðhorf kvikmyndagerðarmanna til menntunar í kvikmyndagerð hérlendis innan hefðbundins skólakerfis og sérskóla, auk þess að kanna núverandi námskosti.

Framkvæmd könnunarinnar

Við val á viðmælendum í könnunina var gengið út frá lista Samtaka íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK), en þar eru innanbúðar nær öll starfandi fyrirtæki í landinu. Áveðið var að beina athyglinni að stjórnendum/eigendum fyrirtækja í rekstri fremur en einstaklingum í faginu. Það eru framleiðslufyrirtækin sem skapa fyrst og fremst atvinnu í greininni, þau afla fjármagns og halda utan um framleiðsluferlið. Hjá þeim hvílir megin ábyrgðin á að viðhalda kvikmyndagerð í landinu. Saminn var spurningalisti sem lagður var fyrir umrædda aðila.

Sjá nánar í viðauka um fyrirkomulag könnunarinnar og lista yfir þá sem spurningalistinn var lagður fyrir.

1. Tvíþættur spurningalisti – þörf greinarinnar fyrir mannafla og viðhorf til menntunnar í faginu

1.1 Þörfin á mannafla

Spurningalistinn sem lagður var fyrir er tvíþættur og skiptist niður í fyrri og seinni hluta. Fyrri hlutinn fjallar um tölulegar upplýsingar hvað varðar starfsmannahald hjá kvikmyndaframleiðendum m.a. var spurt hversu margir starfa þar á ársgrundvelli og hversu margir eru í lausamennsku við ýmsa framleiðsluþætti hjá fyrirtækinu. Einnig var spurt um hve margir hafi starfað hjá fyrirtækinu síðastliðin 10 ár, eða þann tíma sem fyrirtækið hefur starfað. Í þessum spurningalið var ekki beðið um nákvæmar tölur yfir starfsfólk, en stærri fyrirtækin voru nákvæmari, enda fleira og sérhæfðara starfsfólk hjá þeim. Spurt var um væntanlega mannaflaþörf næstu 6-12 mánuðum og næstu 5 árin. Þessar síðustu tölur eru spátölur settar fram í þeirri trú að væntanleg verkefni nái fjármögnun og fari í framleiðslu. Þá eru nefndar lágmarkstölur um þörf á mannafla til að þróa verkefni og afla fjár. Sem dæmi um þetta má nefna að fyrirtæki getur haft þörf fyrir mannafla næstu 6 – 12 mánuði frá tveimur til fimm einstaklingum ef þróunarfé fæst og upp í 50 – 100 einstaklinga ef tekst að ljúka fjármögnun og fara í framleiðslu. Þetta er sá veruleikinn sem fyrirtækin þurfa að búa við. Ef ekkert fjármagn fæst til framleiðsu á verkefnum þá starfa einungis einn eða tveir einstaklingar í fyrirtækinu. Talsverður munur er á þörf fyrir mannafla hjá fyrirtækjum í kvikmyndaframleiðslu annars vegar og heimildarmyndaframleiðslu hins vegar þar sem fyrirtækin eru ólík að mörgu leyti. Fyrirtækjunum er skipt í tvo megin flokka í samræmi við það sem tíðkast innan kvikmyndagerðar.

- 1) Kvikmyndaframleiðendur eru framleiðendur leikinna kvikmynda í fullri lengd og leikins sjónvarpsefnis, oft nefndir bíómyndaframleiðendur. Í þessum flokki eru stærstu fyrirtæki landsins sem framleiða auglýsingar, sjónvarpsefni og þjónusta erlend kvikmyndaframleiðendur. Eitt fyrirtæki í teiknimyndagerð (animation) telst hér með vegna stærðar sinnar. Þessar eru sem sagt stærri fyrirtækin í greininni.
- 2) Heimildarmyndaframleiðendur eru fyrirtæki sem framleiða aðallega heimildarmyndir, en einnig sjónvarpsefni og jafnvel auglýsingar. Þetta eru smærri fyrirtækin í greininni.

1.2 Viðhorf

Seinni hluti spurningalistans er viðhorfskönnun um afstöðu framleiðenda til náms í kvikmyndagerð í landinu, hvort það ætti yfir höfuð fara fram héraðis eða eingöngu erlendis. Afstaða manna er nokkuð ólík og fer eftir því í hvorum geiranum þeir starfa. Meginafstaðan er þó sú að haldgott nám í kvikmyndagerð á Íslandi muni ekki eingöngu bæta stöðu kvikmyndaframleiðendanna í landinu heldur styrkja allt fagið bæði efnahagslega og menningarlega. Í stuttu máli sjá menn fyrir sér öflugan atvinnugrein sem getur bæði skapað atvinnu og gjaldeyri fyrir íslenska þjóð. Margir bentu á skýrslu Dr. Ágústar Einarsson *Hagræna áhrif kvikmyndagerðar 2011*, máli sínu til stuðnings.

1.3 Sjónvarpsstöðvar

Bæði bíómynda- og heimildarmyndaframleiðendur framleiða ýmis konar sjónvarpsefni. Hjá innlendu sjónvarpsstöðvunum starfar margt fólk við hin ýmsu störf en einungis hluti þess er menntað í kvikmyndagerð. Leiða má líkum að því að þörfin fyrir menntaða kvikmyndagerðarmenn sé meiri hjá smærri stöðvunum en t.d. hjá RÚV. Stóru sjónvarpsstöðvarnar eru auk þess helstu miðlarar alls kvikmyndaefnis sem framleitt er í landinu, þ.e. alls efnis sem framleitt er af sjálfstæðum aðilum utan sjálfra sjónvarpsstöðvanna.

Í þessari úttekt var ákveðið að sleppa sjónvarpstöðvunum þar sem starfsemi þeirra er annars eðlis og margþættari en starfsemi sjálfstæðra kvikmyndaframleiðenda. Innan sjónvarpsstöðva starfar nokkur fjöldi kvikmyndagerðarfólks, en stór hluti starfsmanna kemur úr öðrum faggreinum. Þá ber að líta til þess að starfsemi sjónvarpsstöðva á Íslandi miðað við nágrannalöndin er talsvert frábrugðin, en íslenskar sjónvarpsstöðvar veita lítið fjármagn til sjálfstæðra kvikmyndaframleiðanda og eiga þess vegna lítinn þátt í fjármögnun kvikmyndaefnis. RÚV og Stöð 2 kaupa nokkuð af efni frá sjálfstæðum kvikmyndaefni. Greiðslur sem sjónvarpsstöðvarnar greiða hafa þó lítil áhrif á heildarfjármögnun kvikmyndaverka. Sjónvarpsstöðvarnar gegna þess vegna aðallega því hlutverki að vera nauðsynlegur „sýningarvettvangur” einkum fyrir heimildarmyndir og leiknar sjónvarpsþáttaseríur. Þetta er ólíkt því sem kvikmyndagerðarmenn búa við í nágrannalöndunum þar sem sjónvarpsstöðvar eru stórir fjárfestar eða meðframleiðendur í kvikmyndaverkum sjálfstæðra framleiðanda¹. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt þegar taka á út þörfina fyrir menntað fólk inni í kvikmyndagerð að skoða sjónvarpsstöðvarnar, en í þessum áfanga er það ekki gert.

1.4 Starfsemi innan framhaldsskóla og sérskólar

Gerð var úttekt á einum sérskóla og hvaða framhaldsskólar í landinu bjóða upp á kennslu í kvikmyndagerð eða -rýni. Er það framboð æði misjafnt, en nokkrir skólar skera sig úr og eru annað hvort með kvikmyndaþraut eða áfanga sem kenna kvikmyndagerð. Sérskólinn er einvörðungu kvikmyndaskóli. Spurningalisti var ekki lagður fyrir skólana heldur leitað upplýsinga hjá þeim aðilum sem hafa umsjón með kvikmyndanámi, jafnframt voru upplýsingar fengnar af heimasíðum skólanna.

Eftirfarandi framhaldsskóla kenna kvikmyndagerð ásamt einum sérskóla:

- Borgarholtsskóli Með skipulagt kvikmyndanám innan listabrautar.
- Fjölbraut við Ármúla Með 3 áfanga í kvikmyndagerð. Í þróun er kvikmyndanám innan væntanlegrar nýsköpunarbrautar.
- Flensborgarskóli Með skipulagt sjónvarpsnám innan sérbrautar.

¹ Sjá skýrslu – Íslensk kvikmyndagerð fyrir íslenska menningu, áhorfendur og tungu, vorið 2010, bls. 26 og bl. 27-33


Nám í kvikmyndagerð á Íslandi – Þörf og möguleikar

- Fjölbrautarskóli NV Með 4 áfanga í kvikmyndagerð. Í undirbúningi á listnámsbraut.
- Kvikmyndaskóli Íslands Með skipulagt nám í kvikmyndagerð.
- Tækniskólinn Í Margmiðlunarskólanum er þáttur náms í kvikmyndagerð um 20 einingar alls. Með 2 áfanga í kvikmyndagerð. Námskrá og áfangagerð á eins árs sérnámi í kvikmyndagerð er tilbúin og samþykkt.

Í framhaldinu er æskilegt að skoða námskeið þessara skóla betur sem og námsframboð þeirra með tilliti til samræmis á milli skólastiga. Í Listaháskóla Íslands er til staðar áætlun um deild í kvikmyndagerð á bakalár stigi. Það nám er blandað hagnýtu og fræðilegu námi, þar sem áhersla verður lögð á að mennta framleiðendur, leikstjóra og handritshöfundu. Þegar skoðað verður væntanlegt kvikmyndanámi hér á Íslandi ber að hafa í huga heildarmyndina bæði hvað varðar staðsetningu námsins í menntakerfinu sem og samræmi og tengsl við væntanlegt háskólanám. Flestum kvikmyndagerðarmönnum fannst koma til greina að grunn fagnám færi fram í almennum framhaldsskólum, en nokkrir vildu að það ætti heima í sérskólum. og þá bæði grunnám og háskólastigið. Flestir voru á þeirri skoðun að nám á háskólastigi eigi að fara fram hér á landi.

2. Könnun á þörfum starfandi kvikmyndaframtækja fyrir mannafla nú og í framtíðinni


Eftirfarandi upplýsingar um fjölda starfsmanna hjá kvikmyndaframtækjum og áætlaðan fjölda þeirra næstu árin var aflað með spurningalista. Óskað var eftir upplýsingum um hversu margir fastráðnir starfsmenn starfa á ársgrundvelli við fyrirtækið, hver þörfin væri næstu 6-12 mánuði og hver hún hugsanlega gæti orðið næstu 5 árin. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um fjölda starfsmanna viðkomandi fyrirtækis undanfarin 10 ár eða skemur ef fyrirtækið var yngra.



Mynd 1: Starfsmannapörf fyrirtækja í kvikmyndaframleiðslu.

Einyrkjubúskapur er talsvert áberandi innan greinarinnar þá sérstaklega í heimildarmyndagerðinni og er einnig til staðar hjá kvikmyndaframleiðendum. Starfsemi einyrkjubúskaps í kvikmyndagerð snýst aðallega um kvikmyndaverk sem eigandinn leikstýrir og framleiðir sjálfur. Tvö fyrirtæki sem leitað var til skera sig úr, annað er yngsti félagi í SÍK sem er að hefja, vonandi blómlega starfsemi, og hitt er fyrirtæki sem þjónar eingöngu erlendum kvikmyndaframtækjum, starfsemi sem hefur mikla vaxtarmöguleika. Nokkur önnur fyrirtæki sinna svipuðu þjónustuhlutverki innan kvikmyndagerðar á Íslandi, en ekki sem aðalgrein. Þessi starfsemi flokkast ekki undir innlenda kvikmyndaframleiðslu, en hún veitir stórum hluta fólks í faginu atvinnu og ómetanlega reynslu, þar sem fólki gefst kostur á að vinna fyrir og með alþjóðlegum stórfyrirtækjum í kvikmyndagerð. Hér fylgir tafla yfir þörf fyrir mannafla kvikmyndaframleiðenda í landinu.

Í hinn hópinn falla, eins og fyrr segir, heimildarmyndaframleiðendur. Þau fyrirtæki eru nánast öll einmennings fyrirtæki og hafa takmarkaða þörf fyrir starfsfólk. Nokkur þessara fyrirtækja hafa framleitt leiknar bíómyndir og eru jafnvel með slík áform í burðarliðnum. Heimildarmyndin er þó megin viðfangsefni þeirra. Í báðum ofangreindum flokkum framleiða svo sum fyrirtækin efni fyrir sjónvarp bæði leikið og þáttagerð hvers konar. Hér að neðan er tafla um þörf þessara fyrirtækja fyrir mannafla.



Mynd 2: Fyrirtæki í heimildamyndaframleiðslu.

Það er eftirtektarvert hversu fáir fastráðnir starfsmenn eru í fyrirtækjunum hvort sem er innan heimildarmynda- eða kvikmyndaframleiðslu. Aðeins þau fyrirtæki sem sinna erlendum aðilum og vinna að miklu leyti við auglýsingagerð hafa fleiri en 5 starfsmenn á launaskrá árið um kring. Teiknimyndafyrirtæki Caoz sker sig úr eftir að hafa náð umtalsverðum árangri með sína framleiðslu. Kvikmyndagerð þrífst á lausamennsku (free lance) hvers konar. Nánast í öllum þeim greinum sem koma nálægt framleiðslu einnar kvikmyndar er fólk ráðið tímundið í sérstök verkefni. Stundum eru ráðnir undirverktakar þ.e. keypt er þjónusta frá fyrirtækjum sem gegna sérstökum þáttum kvikmyndaframleiðslunnar, t.d. við leikmynd, ljósabúnað og búningahönnun og framleiðslu þeirra. Yfirleitt eru allir, bæði fyrirtæki og einstaklingar ráðnir sem verktakar. Kvikmyndaiðnaðurinn á Íslandi reiðir sig á þetta fólk sem hefur reynslu úr mörgum kvikmyndum, kunnáttu og hæfileika hver í sínu fagi. Margir framleiðandur sækjast oft eftir sama fólkinu, og þá reynir á gott skipulag og samvinnu milli fyrirtækja. Það sama á við um aðstoðarfólk. Það tíðkast gjarna í þessu fagi að „vinna sig upp“ í aðrar og betri stöður, líklega vegna þess að ekki er til staðar nægjanlega haldgott og víðfeðmt kvikmyndanám í landinu. Nokkur fyrirtæki hafa ráðið útskrifaða nemendur frá Kvikmyndaskóla Íslands, önnur ekki.

Þegar óskað var eftir mati á mannaflaþörf einstakra fyrirtækja kom fram hversu erfitt er fyrir framleiðandur að meta þessa þörf þegar fjármögnun kvikmyndaverka er oft óljós og erfið. Því geta tölur verið breytilegar eða allt frá 2-3 starfsmönnum og allt upp í 50 til 100 eða allt eftir því hvort fjármögnun næst eða ekki. Einnig var óskað eftir upplýsingum um hversu margir starfsmenn hafa verið á launaskrá hjá fyrirtækjunum síðustu 10 ár.

Að lokum eru aðilar spurðir um hugmyndir og væntingar þeirra um nýliðun í greininni á ársgrundvelli. Hér ber að geta þess að flestir þeir sem spurðir eru spá og spekulera út frá eigin

forsendum (stöðu verkefna og annað) frekar en að meta þörfina út frá heildarsýn yfir greinina sem slíka. Einnig ber að taka fram að þegar þessi könnun var gerð var niðurskurður af hálfu yfirvalda enn yfirvofandi, en nokkru eftir að henni lauk náðist samkomulag á milli stjórnvalda og kvikmyndagerðarmanna um framtíðarfjármagn fyrir greinina. Því eru sumar tölur settar fram af meiri svartsýni en kannski hefði verið gert í ljósi nýja samkomulagsins.

Niðurstaðan er sú að framleiðendur telja að þörf sé á 12–15 nýliðum á ári hverju í svokallaðar „lykilstöður“ (kvikmyndatöku, hljóðvinnslu, handritagerð, klippingu leikstjórn og framleiðslu). Sjá nánar í kafla 5.4. í þessari skýrslu.

3. Viðhorfskönnun meðal stjórnenda kvikmyndaframleiðsla til kvikmyndanáms á Íslandi innan kvikmyndaframleiðslu

3.1. Nám í kvikmyndagerð hérlendis eða erlendis.

Kvikmyndagerðarmenn í flokki kvikmyndaframleiðslu vilja að kvikmyndamenntun fari fram bæði hér á landi og erlendis því þannig fái nemendur betri innsýn í fagið, það vikki sjóndeildarhring þeirra og bjóði upp á að þeir myndi tengsl sem nýtist þeim síðar meir. Flestir sjá fyrir sér að grunnmenntun í faginu fari fram á Íslandi og þá á framhaldsskólastigi, en benda jafnframt á nauðsyn þess að byrja kennsluna fyrr þ.e. strax á grunnskólastigi. Með grunnnámi er átt við meginundirstöður kvikmyndagerðar eins og handritasmíð, kvikmyndatöku, klippingu, stjórnun og umsýslu ásamt kvikmyndarýni. Flest allir leggja mikla áherslu á kennslu í kvikmyndalæsi, þar sem kvikmyndin sé svo víða í samfélaginu í dag, en lítið læsi á myndmál hjá flestum. Mörgum fannst að kvikmyndalæsi ætti að vera skyldufag í skólum landsins. Ef háskólanámið færi fram hér á landi yrði að koma á nemendaskiptum og þá helst við norræna skóla. Margir benda á Den Danske Filmskole og hvernig hann stendur upp úr af kvikmyndaskólum á Norðurlöndunum, það sé engin tilviljun hversu framarlega Danir standa í kvikmyndagerð á heimsvísu.

3.1.1. Námsstig hérlendis og erlendis

Þegar spurt var um hvaða hluti námsins ætti að fara fram hér á landi og hvað erlendis voru skoðanir skiptar og lituðust jafnvel af fortíð hvers og eins þ.e. varðandi eigið nám eða starfsreynslu í faginu. Flestir vilja þó sjá að grunnnámið fari fram hér á landi og tveir vildu að allt námið fari fram hérlendis. Bent var á að þegar námið verður sett í fastari skorður þá verði inntökuskilyrði á háskólastigi að vera ströng og voru allir sammála um það að menntunin yrði að vera í samræmi við þarfir greinarinnar svo hún gagnaðis einstaklingnum og greininni sem best.

3.1.2. Framhaldsskólastigið

Flestum fannst að almennt ætti að kynna betur kvikmyndagerð í framhaldsskólum landsins og að nokkrir skólar ættu að bjóða upp á kvikmyndaþraut þannig að einstaklingurinn geti kynnt sér fagið og ákveðið hvort hann vilji leggja það fyrir sig. Námið væri dýrt og því nauðsynlegt einstaklingnum að fá innsýn inn í fagið áður en farið er út í mikinn kostnað. Annar vildi benda á að kvikmyndagerð væri ekki fyrir hvern sem er, væri t.d. ekki mjög fjölskylduvæn starfsgrein og alls ekki 9 til 5 vinna. Menn verði að hafa vissan neista í sér til að halda þetta út og geta sinnt faginu. Þá ræddi einn um að ef ætti að koma upp fullkomnu námi í kvikmyndagerð yrði það dýrt og talsverður stofnkostnaður. Enn annar benti á að það væri ekki reyndin í dag heldur væru tækin ávallt að lækka í verði og nú væri hægt að vinna alla eftirvinnslu í landinu. Þetta væri mikil bylting fyrir kvikmyndagerði á Íslandi, en það vantaði menntaða einstaklinga í eftirvinnslu. Nokkrir bentu einnig á, sérstaklega þeir sem reka stærri fyrirtæki í greininni, að starfsnám (internship) ætti að vera skilyrði áður en einstaklingur væri ráðinn í verkefni eða starf, því reynsla skipti höfuð máli. Bent var á hvernig þetta væri t.d. í Bretlandi. Einnig var rætt um samstarf atvinnulífsins og Vinnumálastofnunar er varðar

sumarvinnu ungmenna þar sem helstu verkefni hjá kvikmyndafyrirtækjum stæðu yfir um sumartímann. Tveir kvikmyndagerðarmenn vildu sjá námið í sérskóla sem hægt væri að þróa fram á háskólastig.

3.1.3. Háskólastig hérlendis og erlendis

Flestir voru þeirrar skoðunar að menntun á háskólastigi ætti að fara fram hérlendis. Einn benti á diploma nám í tæknifögum en ekki háskólanám, annar á að blanda náminu á háskólastiginu, þ.e. að það færi fram bæði hér á landi og erlendis. Enn annar sagðist vilja sjá fagnámið á framhaldsskólastigi en hið listræna á háskólastigi. Einn vildi að háskólanámið færi alfarið fram í erlendum skólum. Þá benti einn af stærri aðilum á að námið ætti hvergi annars staðar heima en í Listaháskóla Íslands og þannig væri hægt að nýta til fulls allar þær brautir sem þar eru fyrir, eins og leiklist, tónlist, jafnvel myndlist og þá sér í lagi ef sett væri á laggirnar leikmynda- og búningahönnun. „Ríkið verður að bera ábyrgð á þessu. Kvikmyndagerð er einn stærsti þátturinn í sjálfsmynd þjóða í dag“. Þeir sem vilja háskólanám hérlendis sjá það fara fram í viðurkenndum opinberum skóla. Þá lagði einn aðili til að fræðilegt nám færi fram í háskóla eins og kvikmyndafræðin og handritasmíð. Annar sá enga ástæðu fyrir því að skipta þessu á milli háskóla, allt kvikmyndanám ætti að fara fram í listaháskóla, í samspili við aðrar listgreinar.

Margir bentu á hið frjálsa val nemandans varðandi það að nema hér heima eða erlendis, eða skipta námi sínu milli landa. Sumir vildu að sérnám færi fram erlendis en grunnám hérlendis, en aðrir vildu bara sjá MA námið erlendis. Einn reyndur kvikmyndagerðarmaður benti á að jafnvel væri best að MA námið færi fram hérlendis en BA námið erlendis. Í millitíðinni gæti einstaklingurinn náð sér í starfsreynslu á Íslandi og þá væri það hagkvæmara og þægilegara fyrir hann að stunda MA námið hérlendis, jafnvel samfara starfi í greininni. Annar framleiðandi var á sama máli og taldi það hollt að sækja BA nám erlendis, meðan einstaklingurinn væri ungur og opinn fyrir áhrifum í öðru umhverfi. Einnig benti einn aðili á að æskilegast væri að taka upp samskipti við nokkra erlenda skóla og koma þannig á nemendaskiptum milli landa. Þrátt fyrir ýmsar vangaveltur þá varð meginniðurstaðan sú að hérlendis ætti að vera samfellt nám á háskólastigi.

Í umræðu um menntun nefndu tveir að nauðsynlegt væri að löggilda starfsheiti kvikmyndagerðarmanna. Eins var bent á að efla þyrfti hagsmunasamtök í kvikmyndagerð til muna. Kom til tals að Félag kvikmyndagerðarmann (FK) yrði gert að stéttarfélagi, en sú hugmynd hefur verið lengi til umræðu og skoðar núverandi stjórn félagsins þann möguleika. Jafnframt kom fram í nokkrum samtölum að góður og „stabill“ skóli mynd styrkja greinina og setja meiri „kultur í samfélagið“. Kvenfólk í greininni benti á kynjamuninn og vildi ein að athugað yrði hvers vegna ungar stúlkur í framhaldsskólum sýndu kvikmyndagerð lítinn áhuga og sæktu ekki kvikmyndaklúbba eins vel og strákarirnir. Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar lagði einnig áherslu á þennan kynjamismun.

Ljóst er af þeim hugmyndum sem varpað var fram undir þessum lið þá er vænlegast að starfsnám fari fram innan veggja framhaldsskólans, en fagnám í lykil greinum við háskóla. Öflugt starfsnám gæti því farið fram í framhaldsskólanum sem útskrifaði vel menntað aðstoðarfólk í hinar ýmsu greinar kvikmyndaíðnaðarins. Ef viðkomandi einstaklingur vildi ná

sér í faggráðu gæti hann sótt um inngöngu í háskóla eða kvikmyndaskóla erlendis, enda væri hann með stúdentspróf af listabraut.

3.2. Í hvaða geira kvikmyndaiðnaðarins er mest þörf á menntuðum kvikmyndagerðarmönnum?

Allir höfðu ákveðnar skoðanir hvar þörfin væri mest, en ekki alveg á sama máli hvaða sérslag þyrfti helst að styrkja. Þó að flestir hafa nefnt að ekki væri þörf fyrir leikstjóra þá bentu þeir á að þörf væri á fleirum. Flestir töldu að skortur væri á vel menntuðu tæknifólki og þá sérstaklega í eftirvinnslu. Bent var á að kvikmyndaframleiðslan væri að breytast og meiri áhersla sé nú á eftirvinnslu í tölvum, en áður var. Heilu leikmyndirnar væru unnar í tölvum en ekki settar upp á tölkustað. Minnst var á hvað handrit væru oft slök og í sumum tilfellum ekki full kláruð þegar farið væri af stað. Í raun vantar sárlega einstaklinga sem væru bara handritshöfundar. „Við þessi sögupjóð með frábæra rithöfunda sem gera það gott á erlendri grundu ættum að geta alið af okkur góða handritshöfunda sem skiluðu svipuðum afurðum“. „Það er ekki auðvelt að kenna ungu fólki handritasmíð og varla hægt“ vildi einn meina, en tók þó fram að það þyrfti að mennta fólk í þessu fagi síðan kæmi getan og hæfni með reynslunni og þroska á lífsleiðinni. Aðili sem þjónustar erlend kvikmyndafyrirtæki og selur Ísland m.a. sem leikmynd og veitir mörgu fólki vinnu ár hvert, benti á að í rauninni séu aðeins tvö og hálf kvikmyndateymi nýtanlegt í landinu fyrir stórfyrirtæki sem gera miklar kröfur. Þrátt fyrir að flestir hafi bent á nokkur fög innan greinarinnar þá fannst flestum að það þyrfti að mennta fólk á öllum sviðum. Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöð Íslands benti á að það hallaði á konur í greininni. Einn af okkar þekktustu kvikmyndatökumönnum lagði áherslu á að í kvikmyndanámi væri kennd myndlist þá sérstaklega í kvikmyndatökunámi. En myndlistanámi þjálfar nemandann í myndræni sýn, notkun myndmáls o.s.frv.

3.3. Áhrif haldgóðrar kvikmyndamenntunnar í landinu.

Það voru allir sammála um að haldgóð kvikmyndamenntun myndi styrkja greinina verulega, fagmennska yrði meiri og skapaði stöðugleika. „Sterkur kvikmyndaskóli setur kúltúr yfir greinina, þannig verður einnig hægt að vinna rannsóknir og er þýðingarmikið ef við ætlum okkur að verða stórveldi í kvikmyndagerð“. Nokkrir sem til þekkja benda á að þá gæti kvikmyndagerðin orðið öflug útflutningsgrein og að Ísland ætti þá möguleika á að standa í sömu sporum og Danir. En Danir endurskipulögðu og -bættu fyrir þó nokkru kvikmyndamenntun í sínu landi og allir þekkja þann árangur. Einn af stærri framleiðendum í dag fannst að ríkið yrði að bera ábyrgð á kvikmyndanámi í landinu að grunnnámi fari fram í framhaldskólum þar sem nemandinn gæti komist að því hvort þetta fag hentaði honum. Jafnframt myndi vel skipulgat kvikmyndnám auka sjálftraust innan greinarinnar og styrkja fagmennsku og þannig takast betur að finna hæfileikafólk. Flestir minntust á hversu nauðsynlegt væri að finna og þjálfra „talenta“.

Einn vel reyndur kvikmyndagerðarmaður benti á að hann hafi áttað sig á því eftir að hafa þvælst víða á kvikmyndahátíðir að þegar komið væri út fyrir Norðulöndin gerði fólk ekki greinarmun á stærð landa, það þældi ekki í því að Ísland væri t.d. minna en Svíþjóð. Við værum bara land eins og önnur lönd. Góð kvikmynd væri ekki mæld eftir stærð landsins sem hún er framleidd í.

3.4. Hvar á námið heima?

Nær allir vildu að grunnmenntunin færi fram í framhaldsskólum og sérhæfingin í Listaháskóla Íslands eða erlendis. Einn benti á að hafa þetta blandað bæði í almenna skólakerfinu og einkareknum skóla. Annar vildi sérskólann á háskólastig, en ekki LHÍ. Sá sem fer fyrir einu stærsta fyrirtæki landsins fannst ekki skipta máli hvar námið færi fram bara að það væri í samvinnu við greinina og að áhersla væri lögð á starfsnám (internship). Þá sá einn enga ástæðu aðra en að efla Kvikmyndaskóla Íslands og byggja á þeim grunni sem þegar er til staðar. Öflugur kvikmyndaskóli væri það besta fyrir greinina. Námið þyrfti að vera vel skorðað og undir ströngu eftirliti, „ekki viss um að það fittaði inn í hinn venjulega skóla“. Þrátt fyrir að fram hafi komið ýmsar útgáfur af staðsetningu námsins þá var greinilegt að flestir töldu að námið færi best í hinu almenna skólakerfi. Þar gætu nemendur kynnst þessari faggrein með litlum tilkostnaði og öflugum utanumhaldi. Jafnframt vildu flestir sjá hið listræna sérnám fara fram við LHÍ.

3.5. Starfsþjálfun nemenda í kvikmyndanámi og kennsla fagaðila

Þegar spurt var hvort fyrirtækin væru tilbúin að taka við nemendum og fagaðilar tilbúnir að miðla þekkingu sinni þá svöruðu allir því játandi nema einn sem tók þó fram að hann væri tilbúinn að kenna. Aðili sem þjónustar erlend kvikmyndafyrirtæki benti á að hans fyrirtæki væri nú þegar með ágætis starfsþjálfun fyrir íslenska kvikmyndagerðarmenn, sem væru að hefja starfsferil sinn, með því að vinna með öflugum erlendum fagaðilum sem kenndu þeim mikið. Einn aðili er þegar í samvinnu við margmiðlunarbraut Tækniskólans. Sá er stýrir helsta fyrirtæki landsins í kvikmyndagerð lagði mikla áherslu á þennan þátt og vildi meina að þetta væri lykilatriði fyrir bransann að starfsmennta nemendur. Hann tók sem dæmi læknanám þar sem læknanemar eru markvist þjálfaðir inn á spítölum og fá ekki starfsréttindi fyrr en að öflugum starfsnámi er lokið. Sama ætti að gilda um kvikmyndagerð. Hans fyrirtæki tekur nú nemendum frá erlendum skólum í starfsnám. Einn benti á að æskilegast væri að fá löggildingu á faggreinar.

Flestir töldu að greinin sem slík væri tilbúin til að styðja við kvikmyndamenntun, en þar sem fjármagn er takmarkað og nú í miðjum niðurskurði, þá hafa sumir efasemdir, jafnvel svaraði einn neitandi. Annar sagði „miklar kalskemmdir eins og er“ og greinin í erfiðri stöðu sem bakhjarl. Enn annar viðmælandi taldi að íslenski kvikmyndaheimurinn væri ekki tilbúinn til að standa við bakið á kvikmyndamenntun fyrr en að einhver stefna verði mynduð um dagskrárgerð Ríkissjónvarpsins. Einn svaraði neitandi og vildi meina að við séum of lítið þjóðfélag fyrir svona sérhæfða menntun. Vill að þetta fari fram erlendis þar sem reynslan og þekkingin er mun meiri. Hann telur að fáir kvikmyndagerðarmenn hér á landi hafi þá hæfileika til að geta miðlað í sérhæfu námi og spurði hvort hægt væri að kaupa til landsins dýra sérfræðinga erlendis frá í kennslu. Mikil framþróun væri í greininni og því kæmi það sér betur að sérnámið færi fram erlendis. Annar öflugur framleiðandi var á öndverðum meiði, sagði að geirinn væri vel tilbúin til að styðja við menntunina“. Hann benti einnig á að „kvikmyndagerð á Íslandi væri svo oft - one mans game – mest ungir karlmenn. En það vantaði akademiska umhverfið. Menn eru ekki að fá tækifæri, heldur detta út og fara að gera e-ð annað. Lítum á Bretland, þar eru menn að gera myndir fram yfir átrætt. Með akademíunni

myndum við eignast þroskaðari kvikmyndagerð og umhverfi. Hér eru menn yfirleitt búnir um fertugt“. Það voru fleiri sem bentu á þetta hvað eltist illa í greininni og hversu auðvelt það er fyrir ungt fólk að komast inn í fagið með litla sem enga menntun.

3.6. Menntun starfandi kvikmyndagerðarmanna – endurmenntun.

Menn hafa misjafnar skoðanir á þessum lið, flestir telja að kvikmyndagerðarmenn hafi náð sér í haldgóða menntun með vinnu við fagið, en hafi misjafnan menntunarlegan bakgrunn. Sumum finnst menntunin allt of lítil þó færnin sé góð, en nokkrir eru sáttir við kunnáttu fólks þar sem í dag er nánast hægt að leysa hvaða verkefni sem er. En eins og áður er getið þá bendir stærsti þjónustuaðili við erlend fyrirtæki á að ekki séu til nægjanlega mörg hæf teymi í landinu til að þjóna stórum erlendum aðilum. Aðeins 2 og ½ teymi. Einn stór framleiðandi fannst skorta á menntun innan greinarinnar, en sá líka þann möguleika að venjulegt nám í faginu hentaði ekki sumum einstaklingum heldur gætu þeir numið og náð tókum á tilteknu fagi í gegnum reynslu. Einn bendir svo enn og einu sinni á danska skólann, „...við sjáum hvað danski skólinn hefur gert, hann stendur upp úr á Norðulöndum. Þetta er ekki tilviljun, heldur hugsun og þróun þar sem verið er að pæla í faginu sem heild“. Og nokkru síðar ræðir hann um hvað eldri menn detti allt of fljótt út og þannig geymist reynsla og þekking illa t.d. við markaðssetningu kvikmynda erlendis. Það vanti þekkingarbanka sem hægt er að sækja í. Slíkt gæti akademísk stofnun haldið utan um.

Allir eru sammála um að endurmenntun sé afar nauðsynleg og haldi þannig fólki vel upplýstu og í takti við framþróun og breytingar í faginu, sem eru talsverðar. Jafnframt sé hún nauðsynleg til að miðla upplýsingum og reynslu sem menn hafi aflað sér í gegnum tíðina.

4. Viðhorfskönnun meðal stjórnenda kvikmyndafrirtækja innan heimildamyndagerðar til kvikmyndanáms á Íslandi

4.1. Nám í kvikmyndagerð hérlendis og erlendis

Framleiðendur heimildarmynda eru yfirleitt sammála um að nauðsynlegt sé að koma á skipulögðu námi í kvikmyndasögu og kvikmyndalæsi í námskrá grunnskóla. Það þurfi sem sagt að gera þessi fög að skyldunámi í grunnskólum landsins. Einn viðmælenda telur jafnvel að það þurfi að byrja á þessari kennslu strax í leikskóla. Einn bendir á að grunnskólanemendur séu öflugir neytendur kvikmynda sem geti haft mótandi áhrif á skoðanir og lífsviðhorf þeirra og af þeim sökum sé mikilvægt að efla kennslu í kvikmyndalæsi og kvikmyndafræðum á öllum stigum skólakerfisins. Einn viðmælendanna bendir jafnframt á að menntun í grunnskólum eigi að miðast við að kenna börnum kjarnann í skapandi kvikmyndagerð, bæði með því að kenna þeim að nota kvikmyndina á skapandi hátt og að lesa myndmálið. Það að kunna að lesa kvikmyndir, skilgreina og gagnrýna á faglegan hátt sé nauðsynlegur þáttur í menningarþátttöku fólks í nútíma samfélagi. Í svari eins viðmælendans kemur fram að menntun í kvikmyndagerð á grunnskólastigi þurfi að miðast að því að þroska nemendur sem skapandi höfunda og kenna þeim að „nota verkfærin án tillits til tækninnar”. Einn bendir á að það ætti líka að bjóða nemendum á efri stigum grunnskóla upp á einhvers konar kynningu á undirstöðuatriðum kvikmyndalistarinnar. Sá hinn sami segir m.a.: „Kvikmyndalæsi og fjölmiðlalæsi ætti að kenna á öllum stigum skólakerfisins hér á landi.“

Nokkrir eru sammála um að grunnskólar eigi að sinna grunnkennslu í kvikmyndafræðum og kvikmyndasögu sem gagnist til langs tíma þó tæknin breytist. Hér má þó greina áherslumun hjá nokkrum sem spurðir voru. Það er líka nokkuð samdóma álit þeirra sem spurðir eru að nám í kvikmyndagerð ætti að vera tengt kvikmyndalistinni frekar en kvikmyndaækninni þar sem aðalatriðið sé að þjálfa skapandi hugsun og vinnu.

Nokkrir efast um að val sé á hæfum kennurum til að mennta fólk í framhaldsskólum landsins og í öllum sérgreinum kvikmyndagerðar hér á landi og að þess vegna mæli öll rök með að framhaldsmenntun í kvikmyndagerð sé sótt erlendis. Þetta er jafnframt álit nokkurra annarra sem spurðir voru. Einn aðspurðra segir m.a. „Ég þykist vita að einhver rök mæli með því að námið geti átt sér stað hérlendis í tengslum við bransann þar sem kvikmyndagerðarmenn framtíðarinnar fái staðbundna þekkingu á faginu eins og það er hér á landi. Margir fái þá starfsþjálfun hér og ganga þá beint inni störfín að námi loknu. Hallast samt frekar að því að æskilegast sé að nemendur stundi sérgreinanámið erlendis.” Sá hinn sami dregur í efa hagkvæmni þess að stofna margar mjög sérhæfðar námsbrautir tengdar kvikmyndagerð hérlendis ef þær eiga að útskrifa t.d. marga leikmynda hönnuði, sminkur og ljósamenn o.s.fr. árlega þar sem það séu í raun ekki ýkja margir einstaklingar sem starfi í hverri sérgrein fyrir sig. Einn þeirra sem spurður er nefnir að kvikmyndalistin gangi út á listina að segja sögu á myndrænan hátt. Hann bendir á að tengsl kvikmyndagerðar og myndlistar séu mikil og að taka þurfi tillit til þess við gerð námskráa bæði í grunnskólum og framhaldsskólum landsins.

4.1.1. Námsstig hérlendis og erlendis

Í heildina tekið eru allir sammála um að grunnnám í kvikmyndagerð og nám í kvikmyndalæsi eigi að fara fram í grunnskólum landsins. Flestir eru á því að framhaldsskólar landsins eigi að bjóða upp á fjölbreytt nám í kvikmyndagerð bæði faglegt og tæknilegt og mun sérhæfðara en það sem kennt er í grunnskólum. Með öðrum orðum: Bjóða þarf upp á fjölbreytta almenna áfanga í kvikmyndagerð í framhaldsskólum landsins. Meirihluti þeirra sem spurðir eru telja að sérmenntun í kvikmyndagerð, bæði BA og MA nám eigi heima í listaháskóla. Nokkrir hallast að því að sérnámið eigi best heima erlendis og nokkrir nefna að sérhæft nám á háskólastigi hérlendis þurfi að framkvæma í nánnum tengslum við erlenda háskóla m.a. með skiptinámi svokölluðu.

4.1.2. Framhaldsskólastigið

Nær allir eru sammála um að nám í kvikmyndataekni sé nauðsynlegur þáttur í áföngum í framhaldsskólum, en einn telur að sú tæknikennsla eigi að fara fram í fyrirtækjunum. Nokkrir benda á að gott framboð valáfanga í framhaldsskólum eða jafnvel námsbraut sé mikilvægur þáttur á framhaldsskólastiginu og að það sé jafnframt brýnt að fá faglærða kennara til verksins. „Ég er ekki viss um að úr slíkri menntun fáiast fullfiðraðir starfskraftar í fagið, en þarna væri um góðan undirbúning að ræða fyrir frekari menntun á háskólastigi“, segir einn aðspurðra. Þegar rætt var um nám á öllum stigum skólakerfisins kom oft upp sú staðreynd að kvikmyndagerð er bæði list og iðnaður og að erfitt væri að greina í sundur hvar mörkin séu. Flestir voru sammála um að það þurfi að bjóða upp á fjölbreytt nám í kvikmyndagerð í framhaldsskólum landsins. Einn segir m.a.: „Með digitalvæðingunni þarf að leggja meiri áherslu á fræðin á framhaldsskólastiginu, sem getur auðveldlega orðið útundan þar sem kvikmyndataeknin eða sjálf praktíkin er orðin miklu aðgengilegri en áður var“.

Varðandi menntun kvikmyndagerðarmanna bendir einn á að nauðsynlegt sé að starfsheitið kvikmyndagerðarmaður fái löggildingu sem fyrst þar sem það myndi laða fleiri að námi í kvikmyndagerð bæði á framhaldsskólastiginu og háskólastiginu. Þannig mætti tryggja að menntað fólk í faginu þyrfti ekki að víkja fyrir ófaglærðum starfskrafti á lægri launum. Það kæmi líka í veg fyrir brottfall menntaðra kvikmyndagerðarmanna úr starfsgreininni. Flestir eru sammála um að góð og vel skipulögð menntun á grunn og framhaldsskólastigunni hér á landi sé nauðsynleg og undirstaðan að sérhæfðara námi á háskólastigi. Þetta þurfi að haldast í hendur.

4.1.3. Háskólastig hérlendis og erlendis

Hvað háskólamenntun hér á land varðar eru flestir á þeirri skoðun að BA og MA nám í kvikmyndagerð eigi heima í sérhæfðum háskóla eða sérskóla. Hér bendir einn aðspurðra á að leggja þurfi niður það fyrirkomulag að kvikmyndaskóli fái greiðslu frá yfirvöldum pr. útskrifaðan nemanda. Í stað þess verði fyrirfram ákveðinn fjöldi nemenda tekinn inn að loknu inntökuprófi eða öðru matskerfi. Flestir eru þó á því að hafa sérhæfingu námsins á háskólastigi. Annar bendir á að almenn grunnmenntun eigi að vera innan almenna skólakerfisins og sérmenntun tæknimanna í kvikmyndagerð ætti að vera t.d. í Tækniskólanum. Sérhæft nám eins og nám í t.d. leikstjórn/kvikmyndastjórn og handritsgerð

eigi að vera sem BA nám. Í því sambandi var bent á nauðsyn þess að takmarka fjölda nemenda og velja þurfi nemendur inn með tilliti til faglegrar kunnáttu og samsetningu á hópum.

4.2. Í hvaða geira kvikmyndaiðnaðarins er mest þörf á menntuðum kvikmyndagerðarmönnum?

Hér eru skoðanir nokkuð skiptar enda ekki auðvelt að svara þessari spurningu að mati margra. Meirihlutinn telur að nauðsynlegt sé að mennta fólk í handritsskrifum þar sem gott handrit sé grunurinn að góðri kvikmynd. Aðrir töldu að þörf væri á vel menntuðu fólki í öllum greinum kvikmyndagerðar og nokkrir töldu að þörfin fyrir sérhæfða tæknimenn í eftirvinnslu myndi aukast á næstu árum. Einn aðspurðra telur að helsta þörfin sé fyrir tæknimenn, kvikmyndatökumenn, klippara, ljósamenn og handritshöfunda. Í svörum margra við þessari spurningu kemur fram að margir starfandi kvikmyndagerðarmenn hafi víðtæka reynslu í mörgum þáttum kvikmyndagerðar einkum þó á tæknisviðinu. „Tæknileg grunnþekking er ekkert vandamál” segir einn. Hér sé þekkingin og reynslan best í kvikmyndataækninni og eftirvinnslu. Hins vegar séu færri starfandi kvikmyndagerðarmenn með faglega akademíska menntun og það sé mest þörf fyrir menntun á faglega og fræðilega sviðinu.

4.3. Áhrif haldgóðrar kvikmyndamenntunar í landinu.

Flestir þeir sem spurðir voru eru sammála um að góð og skipulögð kvikmyndamenntun á öllum skólastigum sé af hinu góða. Það myndi ekki bara skila okkur betri kvikmyndagerðarfólki heldur einstaklingum með meiri færni til að lesa og túlka myndmálið. Einn aðspurðra hefur þetta að segja um áhrifin: “Kvikmyndagerðin yrði fjölbreyttari og sjálfstæðari og kvikmyndaumræðan yrði vissulega með fjölpjóðlegri brag. Það myndi hamla stöðnun og fagið væri tilbúnara að taka á breyttum aðstæðum, menningarlega, markaðslega o.fl. “Sú skoðun kemur fram hjá nokkrum að skipulögð menntun í kvikmyndagerð myndi efla greinina og gera hana sjálfstæðari og fjölbreyttari. Annar bendir á að góð kvikmyndamenntun myndi skila betri samkeppnishæfari og stöðugri framleiðslu. Eða eins og einn sagði: „Betri menntun, faglegri og breiðari umræða, öflugri þátttaka hins opinbera, betri kvikmyndagerð”. Tveir nefna að áhrif aukinnar kvikmyndamenntunar yrði vissulega góð en til þess að hún verði skilvirk þyrfti samtímis að efla kvikmyndasjóð og auka framlög til kvikmyndagerðar. Enn aðspurðra hafði þetta að segja: „Vissulega er auðvelt að efast um að fagið beri stóraukinn fjölda menntaðra starfskrafta ekki síst núna þegar hart er í ári, en það er gott að vera bjartsýnn og búast við að það lagist og að næg störf verði fyrir vel menntað fólk í nánustu framtíð og þá mun það væntanlega vera væn innspýting fyrir greinina”. Einn viðmælandinn bendir á að kvikmyndagerð sé sífellt að verða fyrirferðarmeiri í öðrum listgreinum, framsetningu á upplýsingum, kennslu í fjölmiðlun og á netinu og að öflugt kvikmyndanám kæmi sér vel fyrir fólk í áðurnefndum greinum. „Það er nauðsynlegt að bjóða upp á kvikmyndaáfangu í framhaldsskólum til kynningar og að sinna þar með þörf og forvitni nemenda og gefa þeim innsýn inn í kvikmyndakúltúrinn og kvikmyndaafagið”. Eins er bent á að góð menntun myndi hjálpa hinni tiltölulega ungu íslensku kvikmyndagerð að slíta barnsskónum og styrkja fagið.

Tveir benda á forsenda þess að haldgóð kvikmyndamenntun komist á í landinu séu vel menntaðir og reynsluríkir kennarar og að huga þurfi að því að tryggja framboð á hæfum kennurum til kennslu bæði á framhaldsskólastiginu og á háskólastigi.

4.4. Hvar á námið heima?

Nær allir viðmælendur eru sammála um að nám í kvikmyndagerð eigi heima bæði hérlendis og erlendis. Nemendur sem færu utan í nám hvort heldur sem það er í sérskólum eða háskólum kæmu með nýja strauma og stefnur inn í okkar kvikmyndamenningu sem væri af því góða. Sérhæft nám á háskólastigi hér myndi ekki vera nóg eitt og sér. Það að nemendur fari utan í sérhæft nám er nauðsynlegur þáttur í mótun íslenskrar kvikmyndamenntunar og menningar. Tveir benda á nauðsyn þess að halda vel utan um val á þeim nemendum sem valdir verða í háksólanám hér sama hvort um er að ræða sérhæfðan háskóla eða kvikmyndaskóla. Eins kemur það líka fram að val hópsins sé mikilvægt og að tryggja þurfi góðan og fjölhæfan nemendahóp inn í háskólanámið. Það kemur líka fram hjá tveimur viðmælendanna að aðstæður hér kalli á skiptinámi sem sé mikilvægt til að forðast einsleitni á litlu íslensku málsvæði og í litlum bransa. Fyrirmyndir að skiptinámi megi finna í flestum erlendum háskólum.

4.5. Samspil fyrirtækja og menntunar í kvikmyndagerð

Allir sem spurðir eru vilja leggja sitt af mörkum til betri menntunar í kvikmyndagerð. Tveir benda á að flestir séu vissulega reiðubúnir en kannski ekki endilega tilbúnir að taka við nemendum m.a. vegna smæðar fyrirtækjanna og stopulla verkefna. Aðstæður eru þó mismunandi. Einn af þeim sem spurður er segist ekki í stakk búinn til að veita uppbyggjandi leiðsögn nema að fá til þess fjárhagslegan stuðning. Hins vegar eru allir aðspurðir tilbúnir að leyfa nemendum að vinna að verkefnum sem þeir eru með í gangi. Einn aðspurðra bendir á að það þurfi að leggja grunn að starfsumhverfi kvikmyndafyrirtækja fyrst og fremst með aðkomu hins opinbera. Það sé nauðsynlegt að styrkja Kvikmyndamiðstöð Íslands og tryggja kaup RÚV á kvikmyndum innlendra sjálfstæðra framleiðanda. Það þurfi líka að marka skýra dagskrárstefnu hjá RÚV og koma á góðri samvinnu á milli stofnunarinnar og kvikmyndagerðamanna með því að bjóða út verk. Þegar búið sé að bæta úr þessu sköpuðust betri starfsskilyrði sem gerðu eigendum fyrirtækjanna auðveldara með að taka nema inn í fyrirtækin. Nokkrir telja þörf á starfsmenntun (internship) í faginu.

4.6. Menntun starfandi kvikmyndagerðarmanna og endurmenntun.

Flestir telja að menntun kvikmyndagerðarmanna á öllum sviðum sé nokkuð góð. Starfandi leikstjórar í eldri kantinum hafa lært víðsvegar, sumir í Danmörku, nokkrir í Póllandi og nokkrir í Bandaríkjunum. Á síðari árum hafi tveir okkar þekktustu ungu leikstjóra komið frá Den danske Filmskole sem er einn besti kvimyndaskóli í Evrópu og það hafi hleypt nýjum brag inni geirann. Hins vegar hafi ekki margir menntað sig í handritagerð og vonandi myndi það lagast næstu árin. Nær allir voru sammála um að framboð á góðum tæknimönnum í eftirvinnslu sé góð. Margir benda líka á að starfandi kvikmyndagerðarmenn hafi öðlast víðtæka reynslu á nær öllum sviðum kvikmyndagerðar sem sé ómetanleg. Menntunin ein og sér getur aldrei verið nóg þegar meta á gæði vinnunar heldur sé þetta að sjálfsögðu samspil

menntunar og reynslu. Margir benda líka á að vegna þess hve kvikmyndaiðnaðurinn sé ungur hér á landi og tiltölulega fáir starfandi kvikmyndagerðarmenn hafi fengið sérhæfða menntun í háskólum erlendis þurfi að leggja mikla áherslu á gott framboð á endurmenntun og erlendum gesta fyrirlesurum hér á landi.

5. Námskostir og menntamöguleikar í kvikmyndagerð

Það er ljóst að kvikmyndaframleiðendur telja að með uppbyggingu náms í kvikmyndagerð á öllum skólastigum muni án nokkurs vafa styrkja og efla greinina hér á landi. Hugmyndir þeirra um eflingu kvikmyndatengdrar menntunar eru í takt við nútímaáherslur í kennslufræði fyrir grunn- og framhaldsskóla þar sem miðlatækni er þungamiðjan í námsáherslum. Hér á eftir er samantekt á núverandi stöðu kvikmyndagerðar á framhaldsskólastigi á Íslandi þar sem tekið er saman núverandi námsframboð skóla á þessu sviði, aðstaða, tækjabúnaður og framtíðarsýn. Samantekt þessi byggir á opinberum gögnum frá viðkomandi skólum og viðtölum við áfangastjóra, deildarstjóra og skólameistara viðkomandi skóla.

5.1. Möguleikar á námi í grunnskólum

Aðferðir við nálgun á kennslu í grunnskólum, þar sem myndskoðun, kvikmyndaskoðun og almenn nálgun á sjónræna menningu samtímans og menningararfinn í heild, hafa á undanförunum árum verið að ryðja sér til rúms á vettvangi kennslufræða. Aðferðafræði þessi miðar að því að nota aðgengilegt mynd- og kvikmyndaefni til að varpa ljósi á veruleika og menningu nemenda, auk þess sem nýting handhægrar tækni til mynd- og kvikmyndagerðar er notuð til rannsókna á mikilvægum þáttum í nærumhverfi og menningu nemendanna sjálfra. Aðferðafræði þessi er meðal annars kennd við hugmyndir um sjónmenningu (visual culture) og þróuð hafa verið öflug kennslumódel sem byggja á henni og sem nýta þá miðla sem nærtækastir eru í umhverfi nemenda til að efla og styrkja nám þeirra í heild. Það er ljóst að átak þarf til í menntun og endurmenntun kennara hér á landi til þess að innleiða viðlíka kennsluhætti í grunnskólum og að gera þarf áætlanir um slíkt á næstu árum ef menntun hér á landi á að vera sambærileg við það sem gerist best annars staðar.²

5.2. Staða í framhaldsskólum á Íslandi 2011


Þótt eiginlegt nám í kvikmyndagerð sé ekki til staðar í opinberum skólum á framhalds- eða háskólastigi á Íslandi þýðir það á hinn bóginn ekki að vísir að námi á þessu sviði sé ekki til staðar. Innan opinbera skólakerfisins hafa tveir framhaldsskólar, *Borgarholtsskóli* og *Fjölbrautaskólinn* þróað nám í kvikmyndagerð á grundvelli eldri námskrár í fjölmiðlatækni og eru með áform um frekara nám í kvikmyndagerð á þeim grunni. Auk þessa er *Fjölbrautaskólinn við Ármúla* með nám í nýsköpun í burðarliðnum þar sem kvikmyndagerð verður mikilvægur þáttur í náminu. Þá er *Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra* einnig að koma á námi í kvikmyndagerð í samvinnu við kvikmyndafyrirtæki á staðnum og sækja nú um viðurkenningu á námskrá á þessu sviði. Tveir einkareknir skólar á framhaldsskólastigi kenna kvikmyndagerð. Annar er *Tækniskólinn*, en þar er kennd kvikmyndgerð innan Margmiðlunarskólans. Auk þess eru tveir kvikmyndaáfangar kenndir í

² Um áherslur í þessu erlendis má meðal annars benda á: Pat Thomson (ritstj.), *Doing Visual Research with Children and Young People*, Routledge, London 2008; Kerry Freedman, *Teaching Visual Culture*, Teachers College Press 2003; Brian Goldfarb, *Visual Pedagogy*, Duke University Press, Durham 2002.

Upplýsingatækniskólanum (skóli innan Tækniskólans) og fyrir liggur tilbúin námskrá að kvikmyndasérsviði innan sama skóla. Hinn skólinn er *Kvikmyndaskóli Íslands* sem hefur boðið upp á sérhæft nám í kvikmyndagerð í áratug. Á háskólastigi hefur *Listaháskóli Íslands* lagt drög að skipulagi háskólanáms í kvikmyndagerð og er tilbúinn til að hefja kennslu á þessu sviði ef fjármagn fæst til.

5.2.1. Núverandi nám í kvikmyndagerð innan framhaldsskólanna

Sá vísir sem er að námi í eiginlegri kvikmyndagerð í framhaldsskólum á Íslandi er fjölbreyttur og aðstæður ólíkar í þeim skólum sem stunda kennslu á þessu sviði eða eru með áform um slíkt. Sumir skólar hafa þó nokkra reynslu af slíku námi í ýmsu formi á meðan aðrir eru með skipuleg áform um að koma slíku námi á.



Mynd 3: Fjöldi nemenda í námi í kvikmyndagerð í framhaldsskólum á Íslandi – Gögn frá áfangastjórum.


Í Borgarholtsskóla er kvikmyndanámið felld undir nám í margmiðlunarhönnun og hluti af kjörsviði í fjölmiðlatækni. Nemendur taka þar 3 hreina kvikmyndaáfanga, 9 einingar alls, þar sem tækni og áherslur í fjölbreyttri kvikmyndagerð eru kenndar. Samhliða þessu taka nemendur áfanga í kvikmyndafræðum, eða 3 einingar í fagbóklegu námi. Að þessu loknu taka við séráfangar í fjölmiðlatækni þar sem kvikmyndagerð er hluti námsins, eða sem svarar 11 einingum alls. Allt í allt má því telja að kvikmyndagerðarnámið í BHS innan Listnámsbrautar í margmiðlunarhönnun með kjörsvið í fjölmiðlatækni telji 20 einingar í heildina. Auk þessa býðst nemendum að taka valáfanga í tengdum greinum, eða allt að 9 einingar í „animation“, eða kvikun. Á þessari önn eru 47 nemendur virkir í þessu námi.

Flensborgarskólinn kennir kvikmyndagerð sem hluta af iðnnámi í Fjölmiðlatækni. Nemendur læra grunn kvikmyndagerðar, eða um 2 einingar, í grunnnámi í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, en taka síðan sem svarar 20 einingum í kvikmyndagerð innan sérsviðs í fjölmiðlatækni og í starfsnámshluta námsins, sem einnig er kenndur innan skólans. Af þessu

námi eru um 5 einingar fagbóklegar en 17 í hagnýtu námi í kvikmyndagerð. Á þessari önn eru um 14 nemendur í námi í fjölmiðlataekni í Flensborgarskólanum.

Nám í öðrum opinberum framhaldsskólum er mun minna á þessu sviði en í ofangreindum þremur skólum. Í *Fjölbrautaskólanum í Ármúla* er vísir að námi í kvikmyndagerð, en þar eiga nemendur þess kost að taka 9 einingar samanlagt sem val í tækni og aðferðum greinarinnar og 3 einingar í fagbóklegu námi. Í *Fjölbrautaskóla Norðurlands Vestra* er einnig boðið upp á nám í kvikmyndagerð sem valgrein. Þar eiga nemendur þess kost að taka alls 12 einingar í tækni og aðferðum kvikmyndagerðar. Í *Menntaskólanum í Reykjavík* er boðið upp á nám í kvikmyndagerð sem valgrein á lokaári. Námið er 6 einingar alls og skiptist nokkuð jafnt á milli hagnýtra áherslna og fagbóklegra. Í *Fjölbrautarskóla Suðurlands* eiga nemendur á listnámsbraut þess kost að taka kjörsvið í kvikmyndasögu en ekki boðið upp á neitt nám í hagnýtri kvikmyndagerð.

Í *Tækniskólanum* er kvikmyndagerð kennd innan Margmiðlunarskólans sem hluti af námi í skólanum. Þar svarar hagnýt menntun í kvikmyndagerð til um fjórðungs af 80 eininga námi, eða í heildina um 20 einingar af námi sem að öðru leyti byggir á skyldum þáttum, hreyfimyndagerð og tæknibrelluvinnu. Auk þessa er boðið upp á 2 áfanga í vali í kvikmyndagerð, eða 6 einingar alls, blanda af faglegu og fagbóklegu námi. Á þessari önn eru 52 nemendur í kvikmyndatengdu námi í Tækniskólanum alls.



Mynd 4: Einingafjöldi í núverandi námi í framhaldsskólum á Íslandi – Gögn af heimasíðum skólanna.

5.2.2. Aðstaða til náms í kvikmyndagerð í framhaldsskólum

Tæknileg aðstaða sem framhaldsskólarnir hafa byggt upp á undanförunum árum og hentað gæti sem grunnur undir kvikmyndagerð er mismunandi út frá eðli og framboði náms sem þeir bjóða upp á. Í *Borgarholtsskóla* er tæknileg aðstaða góð, þar er búið að uppfæra búnað til stafrænnar kvikmyndatöku vel á undanförunum árum og er skólinn vel búinn til kennslu í faginu. Sérhæfður tölvubúnaður er góður, skólinn hefur náð að endurnýja kvikmyndatökuvélar sínar reglulega og búnaður til stúdíóvinnslu, myndblöndunar, hljóðupptöku og lýsingar er í þokkalegu standi. *Flensborgarskóli* er með prýðis aðstöðu til sjónvarps- og útvarpsframleiðslu og býr yfir góðum, öflugum og fjölbreyttum stúdíóbúnaði á þessu sviði. Skólinn er þokkalega búinn kvikmyndabúnaði en þar er þörf á endurnýjun á næstunni. Í Margmiðlunarskóla *Tækniskólans* er til staðar nokkuð góður búnaður til almennrar kvikmyndatöku, auk þess sem stúdíóaðstaða fyrir kvikun (animation) og grænskjárvinnslu er nýuppbyggð og prýðileg. Kvikmyndagerðin í Margmiðlunarskólanum hefur auk þess yfir fullkomnum tölvubúnaði að ráða með góðum hugbúnaði til kvikmynda- og hreyfimyndavinnslu. Fyrir valáfanga Tækniskólans í kvikmyndagerð er aðgangur að tölvuveri til kvikmyndavinnslu auk þokkalegra kvikmyndatökuvéla. *Fjölbrautaskólinn í Ármúla* hefur ágætan upptökubúnað og ásættanlegan tölvubúnað til eftirvinnslu miðað við núverandi umfang kennslunnar. *Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra* byggir á samningum við einkaaðila í héraðinu um tæki og aðstöðu til kennslunnar.

5.2.3. Mannauður við kennslu kvikmyndagerðiar í framhaldsskólum

Sá kennarahópur sem sér um nám í kvikmyndagerð í framhaldsskólum er mismunandi eftir eðli námsins sem boðið er upp á. Flestir skólar sem kenna kvikmyndagerð í einhverjum mæli byggja á fagmenntuðum kennurum, en það er þó ekki einhlítt. Við Borgarholtsskóla starfa 3 kennarar sem eru menntaðir í kvikmyndagerð auk 2 kennara sem eru með sérmenntun í kvikmyndafræðum. Allir þessir kennarar eru með full kennsluréttindi á framhaldsskólastigi og reynslu í kvikmyndagerð. Við Flensborgarskólann starfa 2 kennarar sem eru menntaðir í kvikmyndagerð og fjölmiðlafræði og eru með kennararéttindi. Fjölbrautaskólinn í Ármúla byggir sína kennslu á kennara sem hefur full kennsluréttindi, er kvikmyndamenntaður og með reynslu af kvikmyndagerð. Enginn kennaramenntaður maður kemur hins vegar að kennslunni í Fjölbrautaskóla Norðurlands Vestra heldur byggir kennslan á leiðbeinendum með menntun í kvikmyndagerð. Síðan er það Tækniskólann, sem er einkarekinn framhaldsskóli, starfa alls 4 kennararar sem eru sér menntaðir á ýmsum sérsviðum kvikmyndagerðar og eru með kennsluréttindi. Þrír þeirra starfa við Margmiðlunarskólann og einn við kennslu í valáföngum í kvikmyndagerð.


5.2.4. Framtíðaráform framhaldsskólana í kvikmyndagerð við núverandi aðstæður

Þótt enn hafi ekki verið komið á námi við íslenska framhaldsskóla í eiginlegri kvikmyndagerð þá er ljóst af ofangreindu að víða eru vísar að slíku námi. Eins og staðan er núna eru margir framhaldsskólar með áform um að koma á laggirnar námi í kvikmyndagerð eða sem hefur kvikmyndagerð sem lykilþátt í meira mæli en nú er.

Í áætlunum Borgarholtsskóla um nýja námskrá fyrir listnámsbrautir skólans er gert ráð fyrir því að listnám verði í framtíðinni til stúdentsprófs, eða sem svarar 140 einingum alls. Í áætlunum skólans er gert ráð fyrir mun meiri sérhæfingu nemenda á ákvenðnum sérsviðum brautarinnar og þar er gert ráð fyrir því að nám í hreinni kvikmyndagerð skipi verulega aukinn sess, eða að námi í faglegum greinum kvikmyndagerðar yrði um 35 einingar alls, byggt á grundvelli margmiðlunarhönnunar. Flensborgarskólinn vinnur að nýrri námsbraut sem starfrækt yrði við hliðar við fjölmiðlatækni við skólann, þar sem aukin áhersla yrði á kvikmyndagerð í náminu í stað alhliða vinnu við fjölmiðla eins og í núverandi námi. Fjölbrautaskólinn í Ármúla er með í smíðum braut í nýsköpun þar sem kvikmyndagerð, kvikmyndafræði og annað tengt kvikmyndagerð yrði mikilvægur hluti námsins. Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra hefur auk þessa undirbúið drög að námi sem byggir á grunni listnámsbrautar en er með kvikmyndagerð sem meginkjörsvið.

5.3. Staðan í einkaskólum á framhaldsskóla- eða háskólastigi

Auk þess náms sem þegar er í boði í opinberum framhaldsskólum á Íslandi er einnig boðið upp á nám í kvikmyndagerð í einkaskólum eða skólum sem reknir eru sem sjálfstæðar sjálfseignarstofnanir. Tækniskólinn er með í undirbúningi nám í kvikmyndagerð sem kæmi til með að vera árs nám byggt ofan á núverandi nám skólans í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum. Í áætlunum um slíkt nám er reiknað með að allt námið yrði í hagnýtri kvikmyndagerð auk fagbóklegra greina. Kvikmyndaskóli Íslands hefur lengi boðið upp á nám í kvikmyndagerð í námskeiðsformi en hefur undanfarin ár boðið upp á tveggja ár skipulagt nám í kvikmyndagerð. Skólinn er með áform um að færa námið upp á háskólastig. Listaháskóli Íslands hefur einnig haft uppi áform um að bæta námi í kvikmyndagerð við fjölbreytta flóru þess lista- og hönnunarnáms, það sem nú þegar er kennt við skólann.



Mynd 5: Nemendafjöldapróun í Kvikmyndaskóla Ísland – Gögn frá LÍN.

Í *Kvikmyndaskóla Íslands*, sem er ríkisstyrktur einkaskóli, er boðið upp á nám í kvikmyndagerð til tveggja ára við skólann. Um er að ræða hagnýtt nám þar sem nemendur geta valið að einbeita sér að leikstjórn og framleiðslu, tæknivinnslu eða handritagerð og leikstjórn. Námið er skilgreint sem nám á framhaldsskólastigi, en skólinn er með áform um að þróa það á þann veg að það hljóti viðurkenningu á háskólastigi. Umtalsverð aukning hefur verið á nemendafjölda við skólann síðust ár miðað við upplýsingar frá Lánsasjóði Íslenskra námsmanna. Gera má ráð fyrir að nemendur við skólann geti verið ífið fleiri, ef sumir þeirra fjármagna námið sitt sjálfir. Flestir kennarar skólans eru stundakennara sem þiggja laun sem verktakar. Þeir eru flestir menntaðir á sviði kvikmyndagerðar. Fastráðnir starfsmenn eru deildarstjórar við fagdeildir skólans, sérfræðingar hver á sínu sviði. Fastráðnir kennara í kvikmyndagerð við skólann eru ekki með kennsluréttindi á framhaldskólastigi. Skólastjóri hefur reynslu af kennslu á háskólastigi, en ekki liggur fyrir hvort nokkur annar kennara við skólans er með slíka reynslu. Tækjabúnaður til kvikmyndatöku, hljóðvinnslu, sjónvarpsvinnslu og eftirvinnslu kvikmynda er góður. (Sjá nánar í skýrslu: *Kvikmyndaskóli Íslands – Stofnanaúttekt*, júlí 2010).

Formlegt nám í kvikmyndagerð er ekki til staðar við *Listaháskóla Íslands* eins og er en hins vegar hefur skólinn lengi haft uppi áform um að koma slíku námi á. Kennsla í kvikmyndagerð við skólann eins og er tengist bæði kennslu í skjálist á myndlistasviði og í grafískri hönnun. Skólinn er með ágætlega búið tækjaver til kennslu í kvikmyndagerð þar sem kvikmyndatökubúnaður og eftirvinnslubúnaður er góður. Í áformum skólans um nám í kvikmyndagerð er gert ráð fyrir að byggja upp litla braut þar sem um 8 nemendur yrðu teknir inn á ári og þar sem séráhersla yrði lögð á leikstjórn, framleiðslu og handritagerð til bakkalárgráðu. Eins og er er enginn kvikmyndagerðarmaður með reynslu af háskólakennslu starfandi við skólann.

5.4. Forsendur nemendafjölda í kvikmyndanámi í framhaldsskólum


Verði stefnt að sjálfbærum og virkum kvikmyndaiðnaði má, út frá forsendum viðtala við aðila í kvikmyndagerð á Íslandi, reikna með að þörf sé á því að mennta á milli 30–50 manns á ári í fagleg störf í kvikmyndagerð. Auk þessa þyrftu um 15 manns að ljúka námi á háskólastigi til að taka að sér sérhæfð verk við uppbyggingu og þróun kvikmyndaiðnaðarins. Það sem þetta gæti falið í sér, og væri í samræmi við núverandi áherslur þeirra skóla sem eru með áform um kennslu í kvikmyndagerð, væri mögulega tvíþætt nám í kvikmyndagerð í framhaldsskólun. Annars vegar að bjóða upp á tveggja til þriggja ára iðnnám í kvikmyndagerð, þar sem innihald, tækni og fræðilegar forsendur kvikmyndagerðar yrðu áherslan. Hins vegar þyrfti að svara kröfum háskólastigsins hér og erlendis um öflugra grunnmenntun til stúdentsprófs á þessu sviði, sem fæli í sér þriggja og hálf til fjögurra ára nám þar sem vel yrði farið í forsendur, sögu og tækni kvikmyndagerðar.

Til þess að meta æskilegt umfang slíks náms er mikilvægt að spá fyrir um hvernig ferill nemenda sem hæfi nám á þessu sviði yrði í gegnum námið og hvað er líklegt að þeir taki sér

fyrir hendur að loknu námi. Í iðnnámi³ á Íslandi, eins og í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, má reikna með því að um helmingur þeirra nemenda sem lýkur námi fari í kjölfarið í störf í greininni. Reynslan er sú að aðrir nemendur sækja í kjölfar iðnnáms í annað nám, eins og nám til stúdentsprófs sem gefur þeim kost á háskólanámi. Sama á einnig við um nemendur sem ljúka stúdentsprófi. Af listnámsbrautum framhaldsskólanna er reynslan sú að um helmingur útskrifaðra nemenda sækir í framhaldsnám í listum eða hönnun á háskólastigi eftir að námi í framhaldsskóla lýkur. Aðrir nemendur nýta sér listnámið sem grunn fyrir nám á öðrum forsendum í skyldum og óskyldum greinum. Bæði er erfitt að komast inn í listnám á háskólastigi vegna inntökutakmarkana, en einnig er það svo að nemendur í listnámi eru með fjölbreytt áhugasvið og eru þess vegna tilbúnir til að skoða aðra kosti þegar námi í framhaldsskóla lýkur. Vegna þessa þarf að reikna með því að útskrifa um tvöfalt fleiri nemendur úr námi í kvikmyndagerð í framhaldsskólum en reiknað er með að þurfi til starfa í öflugum kvikmyndaiðnaði. Ef reiknað er með því að þörfin fyrir iðnmenntað fólk gæti orðið um 30 manns á ári þá þýddi það að útskrifa þyrfti af brautum framhaldsskólanna um 60 manns á ári. Ef reiknað er með að nemendur sem hæfu nám á háskólastigi í kvikmyndagerð yrðu 15 á ári þarf að reikna með því að útskrifa 30 manns á ári með stúdentspróf í kvikmyndagerð úr framhaldsskólum.

Nám í listum og hönnun í framhaldsskóla er ekki auðvelt nám. Reynslan í skólum eins og Borgarholtsskóla er sú að um 15% nemenda heltist úr lestinni á ári hverju, hætti í námi í margmíðilunarhönnun eða fjölmiðlatækni og fari í staðinn í nám á öðrum brautum. Líklegt er að reynslan yrði svipuð í námi í kvikmyndagerð í framhaldsskólum; að brottfall úr námi yrði um 15% á ári. Þetta eru forsendur sem reikna þarf með þegar ákveðið er hversu marga þarf að innrita í námið á ári hverju. 15% borttfall á ári í fjögur ár þýddi að til þess að ná að útskrifa 30 manna hóp með stúdentspróf í kvikmyndagerð þyrfti að innrita um 48 manns á fyrsta árið. Til að útskrifa 60 nemendur í iðnnámi sem tæki tvö og hálf til þrjú ár þyrfti að innrita um 84 manna hóp í upphafi.

³ *Iðnnám* er nám á framhaldsskólastigi til starfsréttinda, um 2–3 ár, sem veitir ekki rétt til áframhaldandi náms á háskólastigi. *Listnám* í framhaldsskólum er 3–4 ára nám sem veitir nemendum réttindi til að stunda nám á háskólastigi í viðkomandi grein.




Mynd 6: Áætlun um nemendaþróun á námstíma – Gögn höfundna.

Æskilegar hópastærðir við upphaf náms í framhaldsskólum á Íslandi miðast við forsendur skólasamnings við Menntamálaráðuneyti. Þessir samningar miðast við það að í fagbóklegu og bóklegu námi sé æskileg hópastærð um 25 nemendur í hópi. Í verklegu listnámi miðast hópastærðin við á milli 12–15 manns í hópi eftir eðli náms. Til þess að nám sé hagkvæmt er æskilegt að hópastærðir fari ekki niður fyrir 75% af þessum stærðum að meðaltali. Vegna þessa er æskilegt að námshópar við innritun í nám í framhaldsskóla á ákveðinni braut séu um 25–28 nemendur. Þetta er hópur sem bæði er hagkvæmur í fagbóklegri kennslu og sem skipta mætti í tvo hagkvæma hópa fyrir verklega námið. Þessar forsendur þýddu að ef reiknað er með því að innrita 48 manns á ári í stúdentsprófsnám í kvikmyndagerð væri æskilegt að námið færi fram í ekki fleiri en tveimur hópum í heildina, annaðhvort í einum og sama skólanum en einnig mætti skipta náminu á tvo skóla. Í iðnnáminu mætti síðan á sömu forsendum reikna með 3–4 hópum sem skipst gætu á tvo eða fleiri skóla.

5.5. Nemendur á háskólastigi

Ef reiknað er með því að Listaháskóli Íslands taki að sér nám í kvikmyndagerð á háskólastigi á Íslandi þá má ætla að skólinn kæmi, miðað við núverandi forsendur, til með að taka inn um 8 nemendur á ári. Skólinn reiknar með því að geta valið úr hæfum nemendum sem hafa lokið námi í kvikmyndagerð eða skyldum greinum í framhaldsskólum. 30 manna útskriftarhópur ætti að geta annað slíkum kröfum á frambærilegan hátt, sér í lagi ef reiknað er með því að álíka margir nemendur, eða um 8, myndu sækja sér framhaldsnám í kvikmyndagerð á háskólastigi til útlanda. Það er í reynd æskilegt að helmingur þeirra sem útskrifast úr framhaldsskóla með stúdentspróf í greininni og ætlar sér áframhaldandi nám haldi áfram í því námi hér á landi, en að helmingur eða fleiri leiti sér námskosta utan lands. Að mati fagaðila í greininni og sérfræðinga innan skólanna tryggði þetta öflugan faglegan grunn kvikmyndagerðar með tengingar innanlands, en byði jafnframt upp á að áhrif frá útlöndum væru einnig áberandi í reynslu stórs hluta nemenda.




Mynd 7: Nemendur í námi í kvikmyndagerð erlendis – Gögn frá LÍN.

5.6. Nemendur í kvikmyndanámi erlendis

Þar sem ekki er enn boðið upp á formlegt nám í kvikmyndagerð á háskólastigi á Íslandi þurfa þeir sem áhuga hafa á að sækja sér háskólagráðu í kvikmyndagerð að nema erlendis. Um 15 nemendur hafa að meðaltali stundað nám í kvikmyndagerð við erlenda háskóla.

5.7. Menntun kvikmyndakennara

Í framhaldsskólum eru gerðar kröfur um að allir kennarar séu bæði með menntun og reynslu í þeirri grein sem þeir kenna og góða menntun í kennslufræði til að byggja á. Við núverandi aðstæður í framhaldsskólum eru menntaðir kennarar að kenna kvikmyndagerð í Borgarholtsskóla (4 kennarar), Flensborgarskólanum (2 kennarar), Tækniskólanum (4 kennarar) og Fjölbrautaskólanum við Ármúla (1 kennari). Samkvæmt upplýsingum frá kennarasviðum háskólanna eru alls 2 kvikmyndamenntaðir nemendur í námi í kennslufræðum sem kemur til með að nýtast vel við uppbyggingu skipulegs náms í greininni. Hins vegar er ljóst að ef auka á námið til muna kemur til með að vera þörf á því að mennta nýja kennara til starfa í greininni. Besta leiðin til þessa væri trúlega sú sem hingað til hefur verið farin við uppbyggingu greina eins og margmiðlunar og margmiðlunarhönnunar í Tækniskólanum og Borgarholtsskóla: Að ráða inn hæft fagfólk til að byrja með þótt það hafi ekki kennaramenntun en setja það sem skilyrði fyrir ráðningu að fólk fari í kennaranám samhliða störfum í skólunum. Þessi leið hefur hingað til reynst vel við þjálfun kennara í nýjum greinum í ofangreindum skólum.




Mynd 8: Einingafjöldi mismunandi námskosta – Gögn höfunda.

Til þess að leggja mat á þörfina fyrir nýja kennara er nauðsynlegt að skoða kennslumagnið sem til félli ef nám í kvikmyndagerð yrði tekið upp á öflugan hátt. Af 120 fein⁴ iðnnámi í kvikmyndagerð verði um fjórðungur í almennum greinum, 30 fein, um fjórðungur í fagbóklegum greinum, 30 fein, og helmingur í verklegum greinum (60 fein). Þegar námið verður komið til framkvæmda verður þess vegna þörf á að mennta kennara á þessu sviði. Ef miðað er við að námið í heild tæki til fjögurra 25–28 manna hópa á ári kemur kennsla í fagbóklegum greinum til með að fara fram í einum hópi en tvískipta þarf hverjum hópi í verklegum greinum. Kennslumagn í fagbóklegum greinum yrði því 30 fein þegar námið er komið í fulla keyrslu en 120 fein í verklegum greinum, eða 150 fein alls. Reiknað er með að kennari í fullri stöðu kenni 30 fein á önn og 60 fein á ári. Kennsla í sérgreinum iðnbrauta í kvikmyndagerð fæli því í sér þörf á ráðningu 2,5 kennara á hvern hóp. Ef reiknað er með að taka inn 90–100 nemendur í iðnnám í kvikmyndagerð á ári á landsvísu þýddi það að þörf væri á því að mennta 10–12 kennara til kennslu vegna iðnnáms í kvikmyndagerð.

Í kvikmyndagerð til stúdentsprófs má reikna með því að námið verði í heild 220–240 fein. Kvikmyndapátturinn í því námi gæti þá verið um helmingur, eða 120 fein. Þar af væri þriðjungur fagbóklegur, 40 fein, og tveir þriðju verklegur, eða 80 fein í tvískiptum hópi, 160 fein í kennslu. Heildarkennslan í faggreinum á hvern 25 manna nemendahóp í kvikmyndagerð til stúdentsprófs yrði því alls 200 fein alls. Ef miðað er við að kennari kenni 60 fein á ári þýddi það að þörf er á 3,3 kennurum til að kenna sérgreinarnar í fyrir hvern hóp nemenda sem færi í gegn um námið. Ef ákveðið væri að taka inn um 50 nemendur á ári í tveimur hópum á landsvísu þýddi þetta að mennta þyrfti 7–8 kennara alls til kennslu á þessu sviði.

⁴ Einingin „fein“ er skammstöfun fyrir „framhaldsskólalæiningu“ samkvæmt nýrri Námskrá fyrir framhaldsskóla. Full vinna í framhaldsskóla á önn samsvarar um 30 fein, til samanburðar við um 18 núverandi einingar. Lauslega talið eru 5 fein sambærileg við 3 einingar í eldra kerfi.



Mynd 9: Þörf á menntun nýrra kennara – Gögn höfunda.

Út frá þessum forsendum þyrfti því í heildina að mennta 17–20 kennara til kennslu í kvikmyndagerð í framhaldsskólum á næstu árum. Í námskrám fyrir iðnnám er almennt séð nokkuð meiri þungi á kennslu í síðari hluta náms þannig að gróflega má reikna með því að um 25% fagkennslu félli á fyrsta árið, um 30% á annað og 45% á þriðja ár. Þetta fæli í sér að fyrsta árið þyrfti að bæta við um 3 kennurum, 3 í viðbót á öðru ári og 5 bættust við þriðja árið. Í áherslum fyrir lista- og hönnunarnám til stúdentsprófs leggja kennarar einnig áherslu á að meginþunginn í náminu falli á seinni hluta námsins þannig að gera mætti ráð fyrir að um þriðjungur námsins ætti sér stað fyrri tvö árin í fjögurra ára stúdentsprófsnámi og tveir þriðjungar síðari tvö árin. Á fyrsta ári má því gera ráð fyrir að mennta 1 kennara fyrir stúdentsprófsnám í kvikmyndagerð, 2 í viðbót á öðru ári, 2 á þriðja ári og 2–3 á því fjórða. Í þessum hugmyndum sem reifaðar eru um nýtt nám í kvikmyndagerð væri því þörf fyrir menntun um 4 kennara á fyrsta ári, 5 á öðru ári, 6–7 á því þriðja og um 3 fjórða árið sem innleiðing, að því gefnu að allt námið hæfist á sama tíma. Með því að dreifa upphafi náms mætti jafna þessa þörf að vissu marki. Það er ljóst að öflug kennaramenntun á háskólastigi, bæði innan Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands, gæti auðveldlega annað þörf fyrir öflugt nám kvikmyndagerðarmanna í kennslufræðum

6. Niðurstöður

Niðurtöður framangreindrar könnunar veltir upp ýmsum spurningum. Áhugavert er að skoða þær tölulegu upplýsingar sem aflað var hjá kvikmyndafyrirtækjum landsins og jafnframt að skoða aðeins nánar þau viðhorf sem komu fram í viðhorfskönnuninni. Þær upplýsingar sem fengust um nám í kvikmyndagerð við framhaldsskóla landsins eru einnig athyglisverðar þegar framtíð kvikmyndamenntunar er skoðuð.

Upplýsingar úr viðhorfskönnuninni sýna að kvikmyndagerðarmenn eru áhugasamir um að samin verði skýr og greinargóð námskrá um menntun í kvikmyndagerð í skólum landsins. Í svörum viðmælanda kemur fram eindregin ósk um að menntun í kvikmyndagerð verði aukin á öllum stigum skólakerfisins. Viðmælendur sjá ekki einvörðungu nauðsyn þess að kvikmyndamenntun verði vel skipulögð, heldur benda á margvíslega kosti og ótvíræðan styrk fyrir greinina. Niðurstöður könnunarinnar undirstrika menningarlegt og listrænt gildi menntunar. Athyglisvert er að flestir vilja sjá að menntun á háskólastigi fara fram í landinu. Auk þess kemur fram sú skoðun að nauðsynlegt sé að akademían veiti kvikmyndagerðinni aðhald m.a. í formi rannsókna og ýmis konar umfjöllunar.

Skipuleggja þarf starfsmenntun vel svo það nýtist bæði nemendum og fyrirtækjum. Starfsmenntun er nauðsynlegur þáttur í kvikmyndanámi, en því miður er framboð á námsvettvangi ekki nægjanlegt. Fyrirkomulag starfsmenntunnar krefst þess að þau fyrirtæki sem taka við nemendum í starfsnám hafi næg verkefni á sinni könnu. Eins og fram kemur í skýrslunni eru flest fyrirtæki í heimildamyndagerð einmenningsfyrirtæki. Staðan yrði betri ef fyrirtæki í heimildamyndagerð væru stærri í sniðum og sameinuðu krafta sína við framleiðsluna.

Viðmælendur voru flestir sammála um að auk öflugrar kvikmyndamenntunar hér á landi sé nauðsynlegt að einhver hluti nemenda mennti sig erlendis. Skoðun kvikmyndagerðarmanna er sú að skipulagt nám í kvikmyndagerð í hinu almenna skólakerfi auk kennslu á háskólastigi myndi efla íslenskan kvikmyndaiðnað.

Haldgóð menntun í kvikmyndagerð skapar tækifæri og styrkir ört vaxandi atvinnugrein í landinu. Þótt ekki sé enn til staðar formlegt nám í kvikmyndagerð í opinberum skólum á Íslandi er komin talsverð reynsla í kennslu kvikmyndagerðar, í fjölmiðlataekni og margmiðlun, auk þess sem vísir er að námi í kvikmyndagerð í vali innan framhaldsskólanna. Auk þessa framboðs hefur Kvikmyndaskóli Íslands skipulagt nám í kvikmyndagerð í um áratug. Það er því ljóst að talsverð reynsla er til staðar sem byggja má á við frekari þróun náms í kvikmyndagerð hér á landi. Nú vinnur þó nokkur fjöldi reyndra kvikmyndagerðarmanna með góða kennaramenntun í skólum landsins. Þessir aðilar munu auk annarra leiða þróun greinarinnar á meðan unnið er markvisst að því að efla menntun framtíðarkennara á þessu sviði. Eins er mikilvægt að byggja upp endur- og símenntun í greininni fyrir starfandi kvikmyndagerðarmenn svo þeir haldist lengur og betur í sínu fagi.


Í þeirri viðhorfskönnun sem starfshópur þessi vann kemur fram ótvíræður vilji hjá kvikmyndagerðamönnum að menntun verði aukið í greininni og sett í fastar skorður. Náminu verði þannig háttáð að kvikmyndafyrirtæki í landinu geti boðið nýútskrifuðum nemendum vinnu með þá vitneskju að þeir hafi staðgóða menntun í farteskinu. Jafnframt getur kvikmyndagerðin í heild vaxið og dafnað með ungu hæfileikaríku fólki sem tilbúið er að koma hugmyndum sínum í framkvæmd, stofna fyrirtæki og spreyta sig á vettvangi kvikmyndagerðar þar sem fjölbreyttir möguleikar bjóðast.

Viðauki

Við hverja var rætt


Vert er að taka fram að listi SÍK er ekki tæmandi yfir starfandi fyrirtæki í landinu þar sem hluti fyrirtækja eru ekki félagar, þrátt fyrir að starfa við kvikmyndagerð. Ástæður eru ókunnar. Eins eru nokkur fyrirtæki í kvikmyndagerð úti á landi sem eru ekki félagar í SÍK. Nokkrir kvikmyndagerðamenn starfa stopult og framleiða fáar kvikmyndir, aðallega heimildar- og stuttmyndir án þess að reka fyrirtæki á ársgrundvelli. Þessir utanfélagsmenn veга talsvert í allri heildarframleiðslunni og hafa áhrif á mannaflapörf. Þetta ber því að hafa í huga þegar skoðaðar eru þær tölulegu upplýsingum sem fylgja þessari skýrslu. Niðurstöður könnunarinnar gefa nokkuð glögga mynd af stöðunni þar sem svarhlutfall telst gott, en um 75% þeirra fyrirtækja sem eru félagar í SÍK tóku þátt í könnuninni.

Á félagalista SÍK eru skráð 68 kvikmyndafyrirtæki og var haft samband við 39 þeirra, en það eru þau fyrirtæki sem vinna að framleiðslu og undirbúningi kvikmyndaverkefna allan ársins hring. Af þeim sem leitað var til svöruðu 31, 2 neituðu að taka þátt, 6 svöruðu ekki. Ákveðið var að sleppa 13 fyrirtækjum, en flest þeirra virðast vera með takmarkaða starfsemi. Sextán fyrirtæki hafa lagt niður starfsemi eða hafa skilað fáum verkefnum á síðustu árum, í nokkrum tilfellum eru eigendur fluttir af landi brott.



Mynd 1: Kvikmyndafyrirtæki í SÍK

Af heildarfjölda skráðra fyrirtækja er svarhlutfall næstum 50% og ef þau 16 fyrirtæki sem ekki starfa eru felld út þá er svarhlutfallið 60%. Þessar tölur gefa því nokkuð góða mynd af þörfinni fyrir mannafla og viðhorfum til heildstæðrar menntunnar í kvikmyndagerð á Íslandi. Svarhlutfall sést á mynd 2.




Mynd 2: Kvikmyndafyrirtæki á Íslandi sem eru starfandi

Fyrirtækjum er skipt upp í tvo meginflokk, annars vegar þau fyrirtæki sem vinna aðallega að framleiðslu leikinna kvikmynda og sjónvarpssería og hins vegar þau fyrirtæki sem vinna mest að gerð heimildarmynda og sjónvarpsverkefna. Einnig var rætt við fulltrúa fyrirtækis sem eingöngu einbeittir sér að erlendum framleiðendum sem vilja nota landið sem leikmynd. Að síðustu var rætt við formenn kvikmyndafélaganna, Félag kvikmyndagerðarmanna (FK), Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK) og Samtök kvikmyndaleikstjóra (SKL), en tveir af þeim reka fyrirtæki og einn er starfandi leikstjóri. Auk þess var rætt við forstöðumann Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, Laufeyju Guðjónsdóttur þar sem hún er með púlsinn á nánast allri sjálfstæðri farmleiðslu kvikmynda í landinu. Hér á eftir er listi yfir þau fyrirtæki sem leitað var til og samþykktu þátttöku. Ávallt var rætt við eigendur eða þann sem veitir fyrirtækjunum forstöðu.

Kvikmyndaframleiðendur:

- | | |
|---------------------|---------------------------------------------|
| 1. Bergmynd | Ari Kristinsson, formaður SÍK |
| 2. Caoz | Hilmar Sigurðsson |
| 3. Fræ | Anton Máni Svansson |
| 4. Hughrif | Guðrún Edda Þórhannesdóttir |
| 5. Ísfilm | Ágúst Guðmundsson |
| 6. Leiknar myndir | Friðrik Þór Friðriksson |
| 7. Ljósband | Anna María Karlsdóttir |
| 8. Osló | Hrönn Kristinsdóttir |
| 9. Pegasus | Snorri Þórisson |
| 10. Reykjavík films | Björn Brynjólfur Björnsson |
| 11. Saga film | Kjartan Þór Þórðarson |
| | Ragnar Bragason, leikstjóri og formaður SKL |
| 12. Thor film | Jón Þór Hannesson |
| 13. ZikZak | Skúli Malmquist |




Mynd 3: Kvikmyndaframleiðendur

Hér fyrir neðan er listi yfir fyrirtæki í heimildamynda og sjónvarpsþáttageiranum, en rætt var við eigendur þeirra. Þessi fyrirtæki eru í flestum tilfellum einmenningsfyrirtæki þar sem eigandinn sinnir mörgum þáttum í framleiðsluferlinu.

Heimildarmyndaframleiðendur:

1. Ax film	Ólafur Rögnvaldsson
2. Filmus	Addi Knútsson
3. Gjóla	Ásdís Thoroddsen
4. Gríms films	Sigurður Grímsson
5. JKH kvikm.g.	Jón Karl Helgason
6. Kvikmynd	Þorsteinn Jónsson
7. Klipp	Anna Þóra Steinþórsdóttir
8. Krumma films	Hrafnhildur Davíðsdóttir formaður FK
9. Lífsmyndir	Valdimar Leifsson
10. Ljósop	Guðbergur Davíðsson
11. Passport films	Einar Þór Gunnlaugsson
12. Plús film	Sveinn Sveinsson
13. Pro film	Anna Dís Ólafsdóttir
14. Seylan	Hjálmtýr Heiðdal
15. Undan vindi	Kristín Pálsdóttir
16. Villingur	Þorfinnur Guðnason



Mynd 4: Heimildarmyndaframleiðendur